

Breytingartillögur

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. I-liður 1. gr. orðist svo: vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni.
2. Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verði 5. tölul. og orðist svo: *Kynbundið ofbeldi*: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
3. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Félags- og tryggingamálaráðherra.
4. 8. gr. orðist svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félags- og tryggingamálaráðherra ellefu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
5. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 11. gr. skal félags- og tryggingamálaráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum í fyrsta skipti á grundvelli ákvæðisins haustið 2008 sem gilda skal til vors 2012. Að öðru leyti gildir ákvæði 11. gr.